

Nd.

187. Þingsályktun

um aukning ullariðnaðar í landinu.

(Samþykkt í Nd. 28. febrúar).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að heita sjer fyrir því sem einu hinu helsta þjóðþrifamáli, að ullariðnaður í verksmiðjum verði aukinn og bættur, eftir því sem unt er og sem allra fyrst, og að stjórnin stuðli þannig að því, að alþjóð manna geti notað ull sína til klæðagerðar og losi sig með því sem mest við hin óbærilegu kaup á útlendum fatnaði.